



HÖFUM VIÐ MISST JAFNVÆGIÐ?

Við léttum þér lífið



Hjálpartæki



Næringarvörur



Æfingatæki



Stuðningshlífar

Fastus ehf. býður upp á heildarlausnir innan endurhæfingar, hjúkrunar og hjálpartækja. Í verslun Fastus að Síðumúla 16, 2. hæð er að finna gott úrval af heilbrigðisvörum. Sérhæft fagfólk leggur metnað sinn í að finna lausnir og aðstoða við val á vörum.

Komdu og skoðuðu úrvalið. Við tökum vel á móti þér og finnum réttu lausnina fyrir þig. www.fastus.is



Veit á vandaða lausn

Komið í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900

ÞEKKING Í ALLRA ÞÁGU



www.decode.is

- 3 Forvarnastefna fyrir þjóðarhag
- 4 Úr hverju deyjum við?
- 14 Þurfum langtímamarkmið óháð ríkisstjórnunum
- 20 Hreyfiseðill – hagkvæm lausn
- 24 Heilsa, jöfnuður og réttlæti

Leiðari



Auður Ólafsdóttir, varaformaður SÍBS

Forvarnastefna fyrir þjóðarhag

SÍBS-BLAÐIÐ

30. árgangur | 3. tölublað | okt. 2014
ISSN 1670-0031

Úgefandi:

SÍBS

Síðumúla 6

108 Reykjavík

Sími: 560-4800

Netfang: sibs@sibs.is

Heimasíða: www.sibs.is

Ábyrgðarmaður:

Guðmundur Löve

gudmundur@sibs.is

Ritstjóri:

Páll Kristinn Pálsson

pallkristinnpalsson@gmail.com

Auglýsingar:

Öflun ehf.

Umbrot og prentun:

Prentmet ehf.

Upplag: 11.000 eintök


Vestræn samfélög standa nú á þeim tímamótum að í fyrsta sinn er raunveruleg hættu á því að næsta kynslóð lifi skemur en sú sem á undan gekk. Um er að kenna langvinnu sjúkdómum sem tengjast lífsstíl og standa nú þegar fyrir stærstum hluta ótímabærs dauða og örorku meðal Íslendinga. Talið er að að 86% dauðsfalla í Evrópu megi rekja til þeirra.

Í heilbrigðiskerfi eins og okkar er fyrst og fremst verið að bregðast við sjúkdómum og slysum, meðhöndla með ýmsum úrræðum og bæta úr eins og kostur er. Þarna hefur okkur vissulega tekist vel upp en samt er svo komið að stærstur hluti kostnaðar við heilbrigðiskerfið kemur til vegna langvinnra sjúkdóma sem við hefðum að einhverju leyti getað komið í veg fyrir.

Í ljósi þeirrar staðreyndar að langvinn veikindi sökum lífsstílstengdra sjúkdóma er raunverulegur faraldur þá er brýn þörf á að setja

fram heildstæða forvarnastefnu. Slík stefna þarf að fela í sér forgangsröðun innan heilbrigðiskerfisins, áherslur í lýðheilsuáttum og almennri heilsuefingu. Greina þarf hvaða þættir í umhverfi einstaklinganna hefur áhrif á heilsu og líðan. Skoða þarf hvar ábyrgð einstaklinganna liggur og hvaða þættir það eru sem helst hvetja til breytinga á lífsstíl þeirra. Byggja upp þverfagleg meðferðarteymi innan heilsumáttunnar. Meta þarf áhrif inngripa stjórnvalda, svo sem skattlagningu, boð og bönn. Skilgreina þarf ábyrgð ríkis og sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja, félaga og samfélagsins alls.

Ábyrgð hins opinbera er að leiða þessa vinnu og innleiða samræmda forvarnastefnu þvert á öll svið samfélagsins með það að markmiði að stuðla að bættri heilsu, lægri kostnaði við heilbrigðiskerfið og fjárhagslegum ávinningi fyrir þjóðarbúið.



SÍBS er samband félaga á sviði brjóstholssjúkdóma með um sex þúsund félagsmenn. SÍBS á og rekur endurhæfingarmiðstöðina Reykjalundur og öryrkjavinnustaðinn Múlalundur, að ógleymdu Happprætti SÍBS.



Guðmundur Löve, framkvæmdastjóri SÍBS

Úr hverju deyjum við?

Flestir Íslendingar deyja úr sjúkdómum sem við getum sjálf haft áhrif á með því hvernig við ákveðum að haga lífi okkar. Sú tíð er löngu liðin að algengustu dánarorsakir séu smitsjúkdómar eða áverkar. Nú af hverjum tíu deyja nú úr ósmittænum sjúkdómum, og um helmingur þessara dauðsfalla er að meira eða minna leyti á áhrifasviði lífsstíls.


Árlega deyja um 2000 Íslendingar. Meðalævilíkur okkar eru með því mesta sem gerist í Vestur-Evrópu (82,4 ár) og við erum í 5. sæti meðal ríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Þó vekur athygli að ævilíkur Íslendinga sem orðnir eru 65 ára eru bara rétt liðlega í meðallagi OECD, sem ásamt vísbendingum um aukna tíðni lífsstílsjúkdóma hér landi kann að vera fyrirboði þess að í fyrsta sinn á umliðnum öldum muni ævilíkur barnanna okkar verða lægri en kynslóðanna á undan. Rannsóknir þess efnis hafa

reyndar verið all áberandi í erlendum fjölmiðlum síðustu misseri. Ástæðan er lífsstílsjúkdómar.

Lengd mannsævinnar segir hins vegar ekki alla söguna um heilsufarið. Til þess eru notaðir mælikvarðar sem mæla glötuð æviár vegna ótímabærs dauða (e. years of life lost, YLL) og æviár lifuð með örorku (e. years lived with disability, YLD). Einstaklingur sem deyr um aldur fram miðað við meðalævilíkur glatar tilteknum árum ævi sinnar, og einstaklingur sem hlýtur örorku verður af tilteknum lífsgæðum.

Samanlagt mynda mælikvarðarnir YLL (glötuð æviár) og YLD (æviár með örorku) kvarða sem á íslensku hefur hlotið nafnið „glötuð góð æviár“ (e. disability-adjusted life years, DALY). DALY-kvarðinn og dánartölur eru uppistaðan í mælingum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) á sjúkdómsbyrði í heiminum. Samkvæmt síðustu skýrslu WHO „Global Burden of

Áhættuþættir heildarsjúkdómsbyrði Íslendinga



Disease“ frá desember 2012, voru „glötuð góð æviár“ Íslendinga tæp 68 þúsund talsins á árinu 2010.

Það er ástæða til að segja þetta aftur: Árið 2010 glötuðust á Íslandi 68 þúsund „góð æviár“ vegna ótímabærs dauða eða örorku – og ýmislegt bendir til að ástandið sé að versna.

Þótt vissulega verði seint hægt að koma í veg fyrir öll ótímabær dauðsföll eða örorku, má gera sér í hugarlund hvaða áhrif það hefði ef hægt væri að narta aðeins í helstu áhættuþættina: Ef við gætum með forvörnum fækkað glötuðum góðum æviárum um 1%, næmi þjóðhagslegt verðmæti þeirra aðgerða (með nokkurri einföldun) 3,5 milljörðum króna á ári miðað við verga landsframleiðslu á mann.

Það er kannski ástæða til að segja þetta líka aftur: Með því að lækka sjúkdómabyrðina um aðeins 1% gæti ávinningurinn numið 3,5 milljörðum á ári, mælt í vergri landsframleiðslu.

Lítum nú nánar á hvar við gætum borið niður til að vinna á sjúkdómsbyrðinni.

Samkvæmt WHO var mesti heilsufarsskaði meðal Íslendinga ekki af völdum krabbameina eða hjarta- og æðasjúkdóma. Nei, krabbamein og hjarta- og æðasjúkdómur voru í 3. og 4. sæti á eftir stoðkerfisröskunum og geðsjúkdómum. Þar á eftir í 5. sæti koma áverkar af völdum slysa, ofbeldis eða sjálfsskaða, alls 10 prósent. Aðeins tæp 5% heilsufarsskaðans hlýst af smitsjúkdómum, fæðingartengdum atvikum og næringartengdum sjúkdómum.


Er það ekki með nokkrum ólíkindum að þessir stærstu skaðvaldar lýðheilsunnar skuli vera sjúk-

dómar sem alla jafna hljóta minni umfjöllun og jafnvel enn minni samúð og skilning heldur en drápararnir krabbamein og hjartasjúkdómar?

Glötuð góð æviár skiptast nefnilega í ótímabæran dauða annars vegar og ár lifuð með örorku hins vegar, líkt og áður er getið. Með þessum mælikvarða er örorka stærri skaðvaldur en dauði í hlutföllunum 3 á móti 2. Ekki skal hér gerð tilraun til að reikna út samfélagslegan skaða umfram það að minna á að hvert prósentustig sem næst að draga úr glötuðum góðum æviárum samsvarar 3,5 milljörðum króna í vergri landsframleiðslu. (Myndin er auðvitað flóknari en svo, því öll eftirspurn í hagkerfinu telur með í vergri landsframleiðslu – líka örorkubætur).

En hvar skyldum við geta ráðist að rótum vandans og takmarkað skaðann? Fyrsta skrefið er að skoða hvernig örorka og dauði skiptast milli einstakra sjúkdómaflokka.

Á Íslandi látast um 2000 manns á ári. Krabbamein og hjarta- og æðasjúkdómar valda 68% dauðsfalla og 61% glataðra æviára, en þó einungis um 28% af heildarsjúkdómsbyrðinni að teknu tilliti til örorku, mælt í „glötuðum góðum æviárum“. Dauðsföllum af völdum krabbameina hefur fjölgað um fimmtung síðan 1990 þótt glötuðum æviárum hafi lítið fjölgað (fólk deyr eldra). Betri árangur hefur náðst með hjarta- og æðasjúkdóma, þar sem dauðsföllum hefur fækkað um 10% síðan 1990 og glötuðum æviárum fækkað enn meira. Dauðsföllum sem og glötuðum æviárum af völdum smitsjúkdóma ýmis konar hefur fækkað um þriðjung á síðustu 30 árum. eru þá aðeins ótaldir áverkar og taugasjúkdómar af helstu banameinum Íslendinga.



Um 5% íslensku þjóðarinnar eru öryrkjar. Stoðkerfisraskanir og geðraskanir valda 66% skráðra örorkutilfella skv. tölum frá Tryggingastofnun vegna 2011 – nokkru meira en þau 55% sem komu till vegna sömu sjúkdómaflokka árið 2010 skv. WHO. Kannski gefur það vísbendingu um að örorkutilfellum vegna þessara sjúkdóma sé að fækka. Tíðni sykursýki er lág á Íslandi samanborið við OECD þrátt fyrir að hafa aukist um þriðjung síðan 1990. Á síðustu árum hefur þjóðin hins vegar verið að þyngjast mjög, sem ekki veit á gott varðandi tíðni sykursýki í framtíðinni. Við erum nú feitasta þjóð Vestur-Evrópu. Tíðni langvinnrar lungnateppu hefur aukist um tæpan þriðjung síðan 1990 hvort sem mælt er í glötuðum æviárum eða árum lifað með örorku. Eru þá upptaldir stærstu skaðvaldarnir hvað örorku varðar, aðrir en áverkar og taugasjúkdómar.

Sem sagt: Heilsufarsskaða íslensku þjóðarinnar á ári hverju má mæla sem 68 þúsund „glötuð góð æviár“ þeirra sem deyja fyrir aldur fram eða hljóta örorku það sem eftir er ævinnar, samkvæmt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Um helmingur þessa heilsufarsskaða er á áhrifa-sviði lífsstíls, og hann má mæla í tugum ef ekki hunduðum milljarða króna í tapaðri landsframleiðslu.

Hvað veldur sjúkdómsbyrði þjóðarinnar? Nú hefur verið farið yfir hvernig sjúkdómsbyrði Íslendinga samanstandur annars vegar af glötuðum æviárum vegna ótímabærs dauða og hins vegar af æviárum lifuðum með örorku, í hlutföllunum 2 á móti 3. Örorka veldur þjóðinni meiri heilsufarsskaða heldur en ótímabær dauði, mælt í „glötuðum góðum æviárum“ að hætti

Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO).

Stutta svarið við spurningunni um hvað valdi sjúkdómsbyrðinni er: Við sjálf.

Hér verður sögð sagan af því hvaða áhættuþættir liggja að baki sjúkdómunum sem leggja okkur að velli fyrir aldur fram eða orsaka örorku.

Í raunveruleikanum býr auðvitað margt að baki og eðli máls samkvæmt verða ekki öll dauðsföll eða örorka rakin ákveðinna til áhættuþátta. WHO hefur þó gert tilraun til að rekja sjúkdómsbyrðina til áhættuþátta í skýrslunni „Global Burden of Disease“ frá desember 2012. Samkvæmt henni eru stærstu áhættuþættir heilsubreysts hér á landi: mataræði, ofþyngd, reykingar, háþrýstingur, starfstengd áhætta, hreyfingarleysi, há blóðfitu, hár blóðsykur og áfengisneysla – í þessari röð.


Slæmt mataræði er sem sagt stærsti einstaki áhættuþáttur að baki heildarsjúkdómsbyrði Íslendinga, og svo er líka um hin Norðurlöndin að Danmörku frátalinni, þar sem reykingar eru í fyrsta sæti, naumlega þó.

En rifjum upp helstu sjúkdóma og raskanir:


Meðan helstu drápararnir eru krabbamein og hjarta- og æðasjúkdómar, eru það stoðkerfisraskanir og geðraskanir sem valda mestri örorku, mælt í glötuðum góðum æviárum, sem árið 2010 voru 68 þúsund hér á landi, þar af 28 þúsund vegna ótímabærs dauða og 40 þúsund vegna örorku.

Þótt vissulega verði seint hægt að koma í veg fyrir öll ótímabær dauðsföll eða örorku, má gera sér í hugarlund hvaða áhrif það hefði ef hægt væri að narta aðeins í helstu áhættuþættina. Ef

Heilsufarsskaði Íslendinga eftir orsökum



Áhættuþættir dauða og örorku Íslendinga



við gætum með forvörnum fækkað glötuðum góðum æviárum um 1%, næmi þjóðhagslegt verðmæti þeirra aðgerða (með nokkurri einföldun) 3,5 milljörðum króna á ári miðað við verga landsframleiðslu á mann.

Nú skulum við skoða nánar áhættuþættina sem liggja að baki sjúkdómsbyrðinni, og hvernig þeir hafa breyst á síðustu 20 árum.

Ef bornar eru saman mælingar úr gögnum WHO frá 1990 við daginn í dag, þá bæði var og er mataræði langstærsti áhættuþátturinn að baki heildarsjúkdómsbyrði Íslendinga mælt í „glötuðum góðum æviárum“. Hástökkvarinn er hins vegar ofþyngd, sem hefur hækkað úr fimmta í annað sæti á sama tíma – upp fyrir reykingar, sem nú eru í þriðja sæti. Háþrýstingur er í fjórða sæti, en há blóðfita og hár blóðsykur hefur sigið niður í 7. og 8. sæti meðan starfstengd áhætta og hreyfingarleysi eru nú komin upp í 5. og 6. sæti – upp fyrir þessa „hefðbundnu“ áhættuþætti. Í níunda og tíunda sæti eru svo áfengis- og eiturlyfjanotkun, nokkuð fyrir neðan aðra áhættuþætti mælt í „glötuðum góðum æviárum“. Sé hins vegar einungis litið til fjölda dauðsfalla en ekki DALY-ára, kemst loftmengun og efnamengun inn á listann yfir tíu stærstu áhættuþættina í stað starfstengdrar áhættu og eiturlyfjanotkunar.

Atþyglisvert er að skoða hvernig mismunandi áhættuþættir liggja að baki glötuðum æviárum vegna ótímabærs dauða (e. years of life lost, YLL) eða fjölda æviára sem lifað er með örorku (e. years lived with disability, YLD), samkvæmt skýrslum WHO:

Flest æviár vegna ótímabærs dauða glatast eftir sem áður vegna mataræðis, en nú verma nokkuð „hefðbundnari“ áhættuþættir annað til

fimmta sæti: reykingar, háþrýstingur, ofþyngd, og há blóðfita.

Sé hins vegar litið til örorkuvalda breytist myndin talsvert: í stað mataræðis er nú ofþyngd stærsti áhættuþátturinn ásamt starfstengdri áhættu með um 20% hvor, en talsvert fyrir neðan koma mataræði, reykingar, hár blóðsykur og eiturlyfjanotkun með um og undir 10% hver áhættuþáttur.

Nú skulum við líta á áhættuþætti að baki einstökum sjúkdómum og röskunum, og enn er vísað til skýrslu WHO „Global Burden of Disease“ frá desember 2012.

Eins og áður var getið eru helstu drápararnir krabbamein og hjarta- og æðasjúkdómar, en stoðkerfissraskanir og geðraskanir valda mestri örorku, mælt í „glötuðum góðum æviárum“. En hvað veldur þessum sjúkdómum? Hverjir eru helstu áhættuþættirnir?

Niðurstaða WHO er að stærsti einstaki áhættuþáttur glataðra æviára vegna krabbameina séu reykingar, sem líklega kemur fáum á óvart. Hin vegar eru mataræði, ofþyngd og hreyfingarleysi samanlagt næstum jafnstór áhættuþáttur krabbameina og reykingar. Þegar áfengisneyslu er bætt við eru þar með upptaldir 95% greinanlegra áhættuþátta glataðra æviára vegna krabbameina.

Varðandi hjarta- og æðasjúkdóma er ekki ósvipaða sögu að segja, nema hvað reykingar hrapa niður í 6. sæti og helstu áhættuþættirnir eru nú mataræði, háþrýstingur, há blóðfita, ofþyngd og hreyfingarleysi. Samanlagt standa þessir áhættuþættir fyrir 95% af greinanlegum áhættuþáttum glataðra góðra æviára vegna hjarta- og æðasjúkdóma.

Sé vikið að aðalorsökum örorku á Íslandi – stoðkerfisröskunum og geðröskunum – má lesa úr gögnum WHO að þar eru nokkuð frábrugðnir áhættuþættir á ferð þótt „glötuð góð æviár“ vegna þessara sjúkdóma séu talsvert fleiri en vegna krabbameina og hjarta- og æðasjúkdóma. Helstu áhættuþættir heilsufarsskaða vegna stoðkerfisraskana eru aðeins tveir: starfstengd áhætta (60%) og ofþyngd (40%). Sé kafað dýpra má sjá að langalgengustu afleiðingar starfstengdar áhættu eru bakvandamál, sem ein og sér standa fyrir tæpum 4% af heilsufarsskaða Íslendinga mælt í „glötuðum góðum æviárum“.

Varðandi geðraskanir standa eitruyfjanotkun og áfengisnotkun fyrir 80% áhættuþátta heilsufarsskaðans, en kynferðisleg misnotkun í æsku og heimilisofbeldi fyrir því sem út af stendur, svo langt sem áhættuþættir verða greindir að mati WHO.

Það verður seint sagt að við séum áhrifalausir leiksoppar orlaganna hvað varðar stóru dráparana tvo, krabbamein og hjarta- og æðasjúkdóma. Það er að því leyti svipaða sögu að segja um áhættuþætti stoðkerfis- og geðraskana, að við virðumst hafa ýmislegt um þessa hluti að segja með því hvernig við högum lífi okkar.

Vöm er besta sóknin

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) mælir með því að stjórnvöld notist mælikvarðann „glötuð góð æviár“ – ár sem lifað er með örorku plús þau

ár sem glatast vegna ótímabærs dauða þegar ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun opinbers fjármagns til heilbrigðismála.

Nú verður rætt um beinan kostnað í heilbrigðiskerfinu og hvernig hann skiptist milli úrræða, og hann settur í samhengi við opinber útgjöld til forvarna. Þegar öllu er á botninn hvolft er vörn nefnilega besta sóknin þegar ráðast skal að rótum heilsufarsskaðans.


Beinn kostnaður í heilbrigðiskerfinu

Heildarkostnaður hins opinbera vegna heilbrigðismála var 66,8 milljarðar króna árið 2012. Af þessu fóru tæpir tveir þriðjuhlutar til sjúkrahúsanna og tæpur þriðjungur til heilsgæslunnar, en rúmir 4 ma. annað. Sárálitlar breytingar að raungildi urðu 2013 eða á fjárlögum 2014.

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála segja okkur þó ekki ýkja margt einar og sér, heldur væri gagnlegt að vita hvað við erum að fá fyrir þessa peninga. Til þess er hægt að kafa í fjöldatölur frá Landlæknisembættinu sem mælir legudaga, göngudeildarkomu, heimsóknir á heilsugæslu og fleiri breytur.

Til að gera kostnaðartölur að einhverju leyti samanburðarhæfar verður hér brugðið á það ráð að brjóta heildarútgjöld á fjárlögum niður í kostnað pr. legudag, kostnað pr. dag- eða göngudeildarkomu, og kostnað pr. heimsókn eða símtal á heilsugæslu.

Kostnaður við ýmis úrræði í heilbrigðiskerfinu



Sjúkrahúsin

Samkvæmt upplýsingum frá hagdeild fjármála- sviðs Landspítala er meðalkostnaður á legudag kr. 138.974. Komur á göngu- og dagdeildir eru misdýrar, eða frá kr. 16.233 á göngudeildir og kr. 33.181 á bráðamóttöku (fyrir þá sem útskrifast heim sama dag), upp í kr. 59.223 á dagrannsóknar- og dagmeðferðardeildir og kr. 132.879 á dagskurðeildir. Tölurnar gilda fyrir tímabilið janúar til október 2013, og innifela allan kostnað sem fellur til í legu eða komu á deild, þar meðtalin meðferðarkostnaður og kostnaður við stoðþjónustu.

Landlæknisembættið hefur tekið saman fjölda legudaga á sjúkrahúsum landsins og voru þeir 252.780 árið 2012 skv. skýrslunni „Legur, legudagar og meðallegutími á sjúkrahúsum 2003-2012.“ Fjöldi lega var 42.546 og meðallegutími 5,9 dagar. Á sama tíma námu útgjöld til spítala skv. fjárlögum kr. 42,4 ma. Ekki eru til alveg nýjar tölur yfir fjölda koma á göngu- og dagdeildir á landsvísi, en þær voru 608 þúsund árið 2009.

Heilsugæslan

Landlæknisembættið hefur sömuleiðis greinargóðar upplýsingar um komufjölda í heilsugæslunni á landinu. Árið 2012 voru skráðar 1247 þúsund komur á heilsugæslustöðvar landsins auk 1120 þúsund símtala eða annarra samskipta við skjólstæðinga. Heildarkostnaður við heilsugæsluna var á árinu 2012 kr. 20 ma. skv. fjárlögum.

Sé heildarútgjöldum til heilsugæslunnar skv. fjárlögum einfaldlega deilt með fjölda viðtala skv. ofangreindu, fæst kostnaðurinn kr. 8.450 pr. viðtal í heilsugæslunni. Þetta er auðvitað með nokkurri einföldun, þar sem hluti heilsugæslustarfa reiknast í raun sem forvarnastarf, og hér er heldur ekki tekið með komugjald (almennt komugjald er 1200 krónur árið 2014).

Með því að setja ofangreindar fjárhæðir upp í töflu eða mynd, má sjá hversu hratt kostnaður við úrræðin eykst eftir því sem ofar dregur í heilbrigðiskerfinu:

Starfsemi	kr. pr. komu eða dag
Heilsugæsla	8.450
Göngudeildir	16.233
Bráðamóttaka	33.181
Dagrannsókn / -meðferð	59.223
Dagskurðlæknadeildir	132.879
Legudeildir, pr. dag	138.974

Forvarnir


Næst skal reynt að henda reiður á heildarútgjöldum hins opinbera til forvarna. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu hagmála og fjárlaga hjá velferðarráðuneytinu var kostnaður vegna forvarna síðast tekinn saman vegna ársins 2008, er hann var 4,14 milljarðar króna. Þar af voru bein framlög kr. 853 millj. en afgangurinn að mestu ákveðið reiknað hlutfall (20,2%, SHA Guidelines) af útgjöldum til heilsugæslunnar, sem miðað er við að geti talist til forvarnahluta starfseminnar.

Hagstofan sundurgreinir einnig útgjöld til heilbrigðismála, og þar á bæ reiknast mönnum svo til, að til forvarna hafi runnið kr. 763 millj. árið 2009 en farið jafnt og þétt lækkand niður í kr. 520 millj. á árinu 2012.

Sé miðað við tölur Hagstofunnar fyrir 2012 námu bein útgjöld hins opinbera til forvarna um 1560 krónum á landsmann á ári. Við þetta bætist hin reiknaða viðmiðun um að 20,2% af kostnaði við starfsemi heilsugæslunnar í landinu megi reikna sem forvarnir, eða 12.625 krónur á mann á ári.

Engu að síður er ljóst að tiltölulega lág fjárhæð fer til beinna forvarna áður en til kasta heilsu-

Útgjöld ríkisins til heilbrigðisstarfsemi



Við höfum líklega náð nálægt þeim hámarksárangri sem unnt er að ná með viðbragðsdrifinni nálgun – að bregðast við vanda. Til að ná lengra þurfum við að vinna með forvirkum hætti – að koma í veg fyrir vandann.

gæslunnar kemur, og ljóst að hér getum við og þurfum að gera miklu betur.

Starfsemi	kr. pr. landsmann á ári
Forvarnir, bein framlög	1,600
Forvarnir, heilsugæsla (20,2%)	12,625
Heilsugæsla, án forvarna	49,875
Sjúkrahús, meðaltal	132,500

Auka þarf áherslu á forvarnir

Samkvæmt starfsemisupplýsingum Landspítala 2012 stafa flestar innlagnir af stoðkerfisröskunum, að fæðingum frátöldum. Stoðkerfisraskanir eru líka stærsti einstaki þátturinn í heilsufarsskaða þjóðarinnar mælt í glötuðum góðum æviárum að hætti WHO, líkt og áður var getið. Helstu áhættuþættir stoðkerfisraskana eru starfstengd áhætta og ofþyngd – hvorttveggja fyrirtaks verkefni fyrir skipulagt forvarnastarf.

Næst í röðinni koma innlagnir vegna sjúkdóma í blóðrásarkerfi. Fjöldi rannsókna styður forvarnir með lífsstílsbreytingum gegn þessum sjúkdómum. Sem dæmi má nefna að í nýrri grein í British Medical Journal (BMJ 2013;347:f5577) tóku greinarhöfundar saman niðurstöður úr mörgum fyrri rannsóknum og komust að þeirri niðurstöðu að hreyfing skilar í mörgum tilfellum sambærilegum árangri og lyfjameðferð gegn hjarta- og æðasjúkdómum og sem forvörn gegn áunninni sykursýki.

Í þriðja sæti eru innlagnir vegna geðraskana. Í fyrri greinum kom einnig fram að áfengis- og vímuefnanotkun eru aðalorsakir ára lifað með örorku – sömuleiðis tilvalið til forvarnastarfs.

Í nýlegri grein í Læknablaðinu eftir Vilmund Guðnason og Karl Andersen kemur fram að 70-80% kostnaðar í heilbrigðiskerfinu komi til vegna lífsstílsjúkdóma meðan aðeins 1,6% útgjaldanna renni til forvarna, meðan hlutfallið sé að meðaltali 3% í Evrópu. Sé miðað við heildarútgjöld á fjárlögum og tölur Hagstofu um forvarnir er þetta hlutfall enn lægra, eða 0,8%. Í heild eyðum við undir meðaltali OECD í heilbrigðisþjónustu, eða 9% af vergri landsframleiðslu. Afar fá lönd sem við alla jafna kjósum að bera okkur saman við eyða minnu í mála-flokkinn.

Það er sama hvernig litið er á málið: Eina leiðin til að koma í veg fyrir nýliðun í dýrari úrræði í heilbrigðiskerfinu, örorku og ótímabæran dauða, er að vinna ötullega í forvörnum á neðri stigum. Við höfum líklega náð nálægt þeim hámarksár-

angri sem unnt er að ná með viðbragðsdrifinni nálgun – að bregðast við vanda. Til að ná lengra þurfum við að vinna með forvirkum hætti – að koma í veg fyrir vandann.

Samræmd forvarnastefna á sviði lífsstílsjúkdóma

Í fyrsta sinn á seinni tíð er nú raunveruleg hætta á að næsta kynslóð lifi skemur en þær sem á undan hafa gengið. Þótt lífaldur hafi lengst er heilbrigð ævi ekki að lengjast að sama skapi, og þar er fyrst og fremst um að kenna hinum svokölluðu lífsstílsjúkdómum – hinum óumdeilda faraldri 21. aldarinnar. Til að stemma stigu við þessu ber brýna nauðsyn til að innleiða samhæfða forvarnastefnu á sviði lífsstílsjúkdóma að fyrirmynd annarra Norðurlanda.

Samfélagslegur kostnaður mælist í hundruðum milljarða

Níu af hverjum tíu Íslendingum deyja nú úr ósmítnæmum sjúkdómum, og um helmingur þessara dauðsfalla eru að einhverju leyti á áhrifasviði lífsstíls. Dauðsföll segja þó ekki alla söguna um heilsufar. Í því skyni að mæla og bera saman heilsufar þjóða hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) notað mælikvarðann „glötuð góð æviár“, sem er samtala þeirra ára sem glatast vegna ótímabærs dauða og ára sem lifað er við örorku.

Samkvæmt mælingum WHO glötuðust 68 þúsund æviár á Íslandi árið 2010 vegna ótímabærs dauða eða sjúkdóma (WHO, Global Burden of Disease 2012). Þessi ár eru það sem upp á vantar þegar sjúkdóm eða dauða ber að höndum, miðað við vænta ævilengd jafn gamals einstaklings meðal heilbrigðustu þjóðar í heimi hverju sinni að mati WHO. Því auðvitað hvergi hægt að ná glötuðum góðum æviárum niður í núll fyrr en allir sjúkdómar eru að fullu sigraðir.

En til að setja heilsufarsskaðann í peningalegt samhengi má fá grófa nálgun með því að margfalda fjölda „glataðra góðra æviára“ með landsframleiðslu á mann, sem gefur okkur 350 milljarða króna á ári. Þótt eins og áður sagði verði aldrei hægt að ná þessu niður í núll, þá telur hver prósentastórt. Og hér er auðvitað ótalinn allur sá mannlegi harmur sem þarna liggur að baki.

Heilbrigð ævilengd gæti verið að styttest

Meðalævilíkur Íslendinga við fæðingu eru með því mesta sem gerist í Vestur-Evrópu, 80 ár fyrir karla og 84,4 ár fyrir konur árið 2010. Við



TÖLVUMÍÐLUN



erum miklu neðar á listanum þegar litið er til meðalævilengdar heilbrigðs lífs (healthy life expectancy, HALE), sem er aðeins 66,9 ár fyrir karla og 69,9 ár fyrir konur 2010, og hafði þá hækkað um 2,8 ár hjá körlum frá 1990 en staðið í stað hjá konum (The Lancet 2012, doi:10.1016/S0140-6736(12)61690-0)

Það hlýtur að vekja umhugsun að við fæðingu er meðallengd heilbrigðs lífs aðeins 67 – 70 ár. Og það sem verra er, er að það er alls ekki okkar kynslóð sem er að ná þessum aldri í dag, heldur kynslóð afa og ömmu. Okkar kynslóð og kynslóð barnanna okkar gæti í versta falli orðið skammlífar og óheilbrigðari en sú kynslóð sem á undan er gengin. Eins og kom fram hér að framan hefur meðalævilengd heilbrigðs lífs hjá konum ekkert hækkað á 20 ára tímabili frá 1990 – 2010 og það þarf ekki mikið ímyndunarafli til að sjá fyrir sér að leiðin geti senn legið niður á við ef ekkert er að gert.

Nauðsyn á heildstæðri forvarnastefnu

Í nýlegri grein í Lækna blaðinu eftir Vilmund Guðnason og Karl Andersen kemur fram að 70-80% kostnaðar í heilbrigðiskerfinu komi til vegna lífsstíllsjúkdóma meðan aðeins 1,6% útgjaldanna renni til forvarna, meðan útgjöld til forvarna nemi að meðaltali 3% í Evrópu. Sé miðað við heildarútgjöld á fjárlögum og tölur Hagstofu um forvarnir er þetta hlutfall enn lægra, eða 0,8%. Í heild eyðum við undir meðaltali OECD í heilbrigðisþjónustu, eða 9% af vergrí landsframleiðslu. Afar fá lönd sem við alla jafna kjósum að bera okkur saman við eyða minnu í málaflökkinn.

Samkvæmt opinberum tölum renna um 1600 krónur á landsmann á ári til beinna forvarna, um 63 þúsund krónur á landsmann á ári til heilsgæslunnar, og um 133 þúsund krónur á landsmann á ári til sjúkrahúsanna. Þó ber að taka fram að hluta af starfsemi heilsgæslunnar má skilgreina sem forvarnastarf.

Íslenska heilbrigðiskerfið er í eðli sínu viðbragðsdrifið og því má halda fram með rökum að við höfum náð allt að því hámarksárangri í meðhöndlun sjúkdóma miðað við núverandi þekkingar- og tæknistig. Þegar svona er komið er eina leiðin til að draga úr heilsufarsskaða þjóðarinnar að freista þess að stemma stigu við orsökunum: Við þurfum öflugra forvarnastefnu.

Norska NCD-stefnan

Heildstæð stefna í ósmítnæmum sjúkdómum (non-communicable chronic diseases strategy,

eða „NCD-strategi“ upp á norsku) var sett fram í Noregi síðla árs 2013. Stefnan nær til eftirfarandi sjúkdómaflokka:

- hjarta- og æðasjúkdóma
- sykursýki
- langvinnra öndunarfærasjúkdóma
- krabbameins.

Í Noregi stafa um 80% dauðsfalla af ofangreindum sjúkdómum, og þar af deyja 8000 manns fyrir 75 ára aldur. Þessa tölu hafa Norðmenn einsett sér að minnka um 25% fyrir árið 2025. Heimfært upp á Ísland myndi það samsvara 130 mannlífum á ári. Það er vandfundin sú aðgerð til björgunar mannlífa þar sem svona tölur eru annars vegar.

Þeir áhættuþættir sem unnið er með eru eftirfarandi:

- tóbak
- áfengi
- sykur
- salt
- fita
- kyrrseta.

Norska forvarnastefnan var unnin í nánú samstarfi við sjúklíngafélög á sviði hjartasjúkdóma, lungnasjúkdóma, krabbameins og sykursýki. Verkefninu verður fylgt eftir í áframhaldandi samvinnu við þessi félög. Þá hefur verið ákveðið að setja á laggirnar lýðheilsuráð með þessum félögum undir stjórn heilbrigðis- og velferðarráðherrans, sem er ætlað að vekja athygli á forvarnastarfinu og tryggja breiða samstöðu um verkefni.


Áhersla er lögð á snemmbær inngrip í nærumhverfi fólks og samvinnu ríkis og bæja varðandi ráðgjöf og meðferð. Skipulagsyfirlönd á sveitarstjórnarstigi hafa einnig mikið að segja um hversu hreyfivænar borgir og bæir eru – það þarf að gera það einfaldara og öruggara að ferðast gangandi og á hjóli. Það verður að huga að leiksvæðum barna og almennum útivistarsvæðum. Það þarf að vera kerruskýli við leikskólann svo fólk geti komið gangandi með börnin. Það verður einfaldlega að hanna heilsusamlegar borgir.

Sjónum er einnig beint að einkageiranum og félagasamtökum. Það þurfa að vera öruggar hjólageymslur á vinnustöðum og hollur matur í mótuneytunum. Íþróttafélögin þurfa að bjóða upp á smurt brauð og vatn eða mjólk í staðinn fyrir kökur og gos á íþróttamótum. Matvöruverslanir þurfa að bjóða holla valkosti og sjá til

„Sjúkdómar orsakast í auknum mæli af lifnaðarháttum, mat með of miklu salti, sykri og óholtri fitu, ásamt of lítilli hreyfingu. Ósmítnæmir lífsstíllsjúkdómar eru stærsta heilsuögn okkar tíma, bæði í Noregi og í heiminum öllum. Þetta eru sjúkdómar sem oft má fyrirbyggja. Með bættum forvörnum getum við náð snemma utan um sjúkdómsþróun og bætt heilsu í öllum geirum samfélagsins.“

– Jonas Gahr Store, heilbrigðis- og velferðarráðherra Noregs.

þess að hægt sé að komast að kössunum laus við freistingar.

Þá er sjúklingafélögum fengið hlutverk í vitundarvakningu og eftirfylgni í útfærslu og framþróun á ferlinu í heild, og síðast en ekki síst er lögð áhersla á að einstaklingurinn sjálfur taki virka ábyrgð sem sérfræðingur í eigin lífi. 

Heimildir:

- Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) (2012). *Global Burden of Disease*.
Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) (2013). *Health at a Glance 2013*.
Tryggingastofnun (2013). *Örorka 2011 eftir ICD 10-greiningu (óbirt efni)*.
Hagstofa Íslands (2013). *Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál*.
Embætti Landlæknis (2013). *Legur, legudagar og meðallegu-tími á sjúkrahúsum 2003-2012*.

- Embætti Landlæknis (2013). *Aðsókn að heilbrigðisþjónustu utan legudeilda sjúkrahúsa 1989-2012*.
Landspítali, Fjármálavið, Hagdeild (2013). *Gögn sótt í kostnaðar- og framleiðslukerfi DRG, Framtak, janúar til október 2013 (óbirt efni)*.
Landspítali (2013). *Starfsemisupplýsingar 2012*.
Velferðarráðuneytið, skrifstofa hagmála og fjárlaga (2008). *Fé til forvarna*. Alþingi: 135. löggjafarþing 2007-2008. Pskj. 1035, 279. mál.
Naci H, Ioannidis J P A. *Comparative effectiveness of exercise and drug interventions on mortality outcomes: metaepidemiological study*. British Medical Journal (BMJ) 2013;347:f5577
Karl Andersen, Vilundur Guðnason (2013). *Stefnumörkun í heilbrigðismálum: leiðin til lýðheilsu*. Læknablaðið 99.
Salomon J A, Wang H, Freeman M K, Vos T, Flaxman A D, Lopez A D, Murray C J L (2012). *Healthy life expectancy for 187 countries, 1990-2010: a systematic analysis for the Global Burden Disease Study 2010*. The Lancet 2012, doi:10.1016/S0140-6736(12)61690-0.
Helse- og omsorgsdepartementet (2013): *NCD-strategi 2013-2017*.

Þökkum eftirtöldum veittan stuðning við málstað SÍBS

Reykjavík

- A. Margeirsson ehf Flúðaseli 48
A. Wendel ehf Tangarhöfða 1
Aðalvík ehf Ármúla 15
ALTEX FÓLK ehf Kringlunni 7
Arctic Trucks Ísland ehf Kletthálsi 3
Arkform Borgartúni 24
Arkídea ehf Hellulandi 14
Arkís arkitektar ehf Katrínartúni 2
Atlantsflug ehf Reykjavíkurlugvelli
Atorka ehf verktafar og véraleiga Vættaborgum 117
Auðmerkt ehf Tangarhöfða 5
Auglýsingastofan ENNEMM Brautarholti 10
Austur-Indíafélagið ehf Hverfisgötu 56
ÁH lögmenn sif Vættaborgum 144
Álafoss - verslun Laugavegi 8
Áman ehf Háteigsvegi 1
Árbæjarapótek ehf Hraunbæ 115
Ásbrygi, fasteignasala Suðurlandsbraut 54
B. Ingvarsson ehf Bildshöfða 18
B.Á. Múrverk ehf Viðarrima 59
Barnaverndarstofa Borgartúni 21
BBA/Legal ehf Katrínartúni 2
Bending 1 ehf Bæjarflöt 8F
Bezt á lambið - www.bestalambid.is
Bifreiðaverkstæði Svans ehf Eirhöfði 11
Birtingur ehf Stigahlíð 51
Bílaborg.is Smiðshöfða 17
Bíla-Doktorinn Skútuvogi 13
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar Hyrjarhöfða 4
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf Skútuvog 12h
Bílasala Guðfinns, frúin hlær í betri bíl Stórhöfða 15
Bílasmiðurinn hf Bildshöfða 16
Bílfang ehf Malarhöfða 2
Bílrúðan ehf Grettisgötu 87
Björgun ehf Sævarhöfða 33
BK fasteignir ehf Baldursgötu 18
Bláðamannafélag Íslands Síðumúla 23
Bláfugl hf Ljnghálsi 4

- Blikksmiðjan Glófaxi hf Ármúla 42
Blikksmiðurinn hf Malarhöfða 8
Blómabúðin Hlíðablóm Háaleitisbraut 68
Blómatorgið ehf Hringbraut 33
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf Klapparstíg 25-27
Boozt barinn - Borgartúni 39 Borgartúni 39
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf Hávallagötu 40
Bólstrarinn ehf Langholtsvegi 82
Bólstrun Ásgríms ehf Bergstaðastræti 2
Bón Fús Súðarvogi 32
Breiðan ehf Markarvegi 6
Bridgesamband Íslands Síðumúla 37
Búálfurinn Lóuhólum 2-6
Búseti svf Síðumúla 10
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf Borgartúni 31
City Car Rental Snorrabraut 29
D&C ehf Hamarshöfða 5
Dale Carnegie, þjálfun næsta kunslóð Ármúla 11
Dalía, blómaverslun, Glæsibæ Alþheimum 74
Danica sjávarafurðir ehf Suðurgötu 10
Dental stál ehf Hverfisgötu 105
Design Success Flókagötu 65
dk hugbúnaður ehf., dk.is Bæjarhálsi 1, hús Orkuveitunnar
Draupnir lögmennsþjónusta ehf Laugavegi 182
Dýrarikið ehf Grensásvegi 14
Dýraspítalinn Víðidal ehf Vatnsveituvegi 4
E. Sigurjónsson lögmennsstofa ehf Suðurlandsbraut 4
Eðalbílar ehf Fosshálsi 9
Efling stéttarfélag Sættúni 1
EG Skrifstofuhúsgögn ehf Ármúla 22
Eignamiðlunin ehf Síðumúla 21
Eignaumsjón hf Suðurlandsbraut 30
Eik fasteignafélag hf Sóltúni 26
Esju-Einingar ehf Esjumel 9
Extreme Iceland ehf Vatnagörðum 12

- Ferskar kjötvörur hf Síðumúla 34
Ferskt sjávarfang ehf Gjúfraseli 11
Fiskafurðir-umboðssala ehf Fiskilóð 5-9
Fiskmarkaðurinn ehf Aðalstræti 12
Fjallamenn Íslands -Mountaineers of Iceland Skútuvogi 12e
Fjárhagsþjónustan ehf Strýtuseli 14
Fjeldsted & Blöndal Ármúla 17
Fótógrafi ehf Skólavörðustíg 22
Frami, félag leigubifreiðastjóra Fells múla 26
Frystikerfi ehf Viðarhöfða 6
Fylkir ehf Dugguvogi 4
Gagnaöryggi ehf Bæjarflöt 4
Gallerí Fold Rauðarárstíg 12-14
Garðmenn ehf Skipasundi 83
Garðyrkjustöðin Þrístikla - garðþjónusta Lambhagavegi 31
Gáski sjúkrahjálfun ehf Þönglabakka 1 Mjódd
GB Tjónaviðgerðir ehf Draghálsi 6-8
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun Bildshöfða 16
Ginger sif Síðumúla 17
Gjögur hf Kringlunni 7
Gjörvi ehf Grandagarði 18
Glerpró ehf Hyrjarhöfða 2
Grandakaffi ehf Grandagarði 101
Grant Thornton endurskoðun ehf Suðurlandsbraut 20
Grettir Guesthouse ehf Laugavegi 28a
GT-bílar ehf Kletthálsi 2
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn Skútuvogi 4
Guðmundur Jónasson ehf Borgartúni 34
Gullsmiðurinn í Mjódd Álfabakka 14b
Gunnar Örn - málningarþjónusta Reynimel 68
Gúmmisteypa P. Lárusson ehf Gylfahlöt 3
Gæðabakstur Ljnghálsi 7
Hamborgarabúlla Tómasar Harald og Sigurður ehf Stangarhyl 6
Hár og heilun ehf Ármúla 34
Hárlausnir ehf Háteigsvegi 2
Henson sports Brautarholti 24

- Hereford Steikhús ehf Laugavegi 53b
Hilmar D. Ólafsson ehf Eldshöfða 14
Hitastýring hf Ármúla 16
Híbyli og skip ehf Ármúla 15
Hjá Dóra ehf, matsala Þönglabakka 1
Hótel Frón ehf Laugavegi 22a
Hótel Leifur Eiríksson ehf Skólavörðustíg 45
Hreinsitækni ehf Stórhöfða 37
Hreysti ehf Skeifunni 19
Humarhúsið Amtmannsstíg 1
Húsaf sif Nethyl 2
Hús-inn ehf Bildshöfða 14
Höfðakaffi ehf Vagnhöfða 11
Inter ehf Sóltúni 20
Invent Farma ehf Lág múla 9
iStore í Kringlunni
Íbúðagisting.is Síðumúla 14
Ímynd ehf Eyjarslóð 9
Ísaga hf Breiðhöfða 11
Ísbíllinn, þú þekkir mig á bjöllunni Smiðshöfða 14
Ísfrost ehf Funahöfða 7
Íslenska Gámafélagið ehf Gufunesi
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf Bildshöfða 12
Ísold ehf Nethyl 3-3a
Ísólfrur Pálmarsson-hljóðfæraumboð sf Bakkastíg 5
Ís-spor ehf Síðumúla 17
Íþróttabandalag Reykjavíkur Engjavegi 6
Íþróttasamband fatlaðra Engjavegi 6
James Bönd Skipholti 9
JE Skjanni ehf byggingaverktakar Stórhöfða 25
Jeppaþjónustan Breytir ehf Stórhöfða 35
JGG ehf Langholtsvegi 49
Jóhannes Long ljósmyndari, 3. hæð Bolholts megin Laugavegi 178
Jónatansson & Co lögfræðistofa ehf Suðurlandsbraut 6
K. H. G. Þjónustan ehf Eirhöfða 14
K. Pétursson ehf Kristnibraut 29
Kaffi París Austurstræti 14



Fagleg og persónuleg þjónusta

Við leiðbeinum skjólstæðingum Sí, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitum ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.



Hafðu samband og við sendum þér TENA bæklinginn.

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RV Unique 0113

Kaffibarinn ehf Bergstaðastræti 1
Kaffivagninn ehf Grandagarði 10
Kemi ehf-www.kemi.is
Tunguhálsi 10
Kirkjugarðar Reykjavíkurpró-
fastsdæma Vesturhlíð 8
Kjörgarður Laugavegi 59
Kjöthöllin ehf
Skiopholti 70 og Háaleitisbraut
Klettur - sala og þjónusta ehf
Klettagördum 8-10
Knattspymusamband Íslands
Laugardal
Kolibri ehf Laugavegi 26
Kopar Restaurant ehf Geirsgötu 3
Kr. St. lögmansstofa ehf
Tryggvagötu 11
Kvikk Þjónustan ehf Vagnhöfða 5
Kælitækni ehf. Rauðagerði 25
Lagnalagerinn ehf Fosshálsi 27
Landsnet hf Gyflaflöt 9
Landssamtök lífeyrissjóða
Sættúni 1
Landsvirkjun Háaleitisbraut 68
Lausnir lögmansstofa ehf
Skógarhlíð 12
Láshúsið ehf Bildshöfða 16
LC Ráðgjöf ehf stjórnunar-og-
rekstrarráðgjöf Suðurlandsbraut 48
Le Bistro - franskur bistro &
vínbar Laugavegi 12
Leiguval ehf Kleppsmýrarvegi 8
Lifandi vísindi Klapparstíg 25
Listvinahúsið, leirkeramið
Skólavörðustíg 43
Litla Bílasalan ehf Eirhöfða 11
Litla sendibílastöðin Vesturbergi 175

Ljósafoss ehf Ármúla 21
Ljósboginn ehf Bildshöfða 14
Logy ehf Viðarríma 13
Lögmansstofa Ingimars
Ingimarssonar hrl sf Ármúla 7
Lögmenn Höfðabakka ehf
Höfðabakka 9
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf
Stórhöfða 25
Lögmenn Laugavegi 3 ehf
Laugavegi 3
Lögreflufélag Reykjavíkur
Brautarholti 30
Lögskil ehf Suðurlandsbraut 48
Lögstofan Ármúla 21
Löndun ehf Kjalavogi 21
Marco Polo Kringlunni 4-12
Marport ehf Fiskisjöld 16
Matthías ehf Vesturföld 40
Málarmeistarar ehf Logafold 188
Mentis Cura ehf Laugavegi 176
Merkismenn ehf Ármúla 36
Motus á Íslandi Laugavegi 97
MS Armann skipamiðlun ehf
Tryggvagötu 17
Múlakaffi Hallarmúla
Múlaradíó ehf Fells múla 28
Mörkin Lögmansstofa hf
Suðurlandsbraut 4
Nesradíó ehf Síðumúla 19
NETIÐ/ Veitingastadir.is /
visitorsguide.is
Nexus afþreying ehf Nóatúni 17
Nýi öskuskólinn ehf Klettagördum 11
Orkuvirki ehf Tunguhálsi 3
Ólafur Gíslason & Co hf - Eld-
varnarmiðstöðin Sundaborg 7

Ósal ehf Tangarhöfða 4
P&S Vatnsvirkjar ehf Álftheimum 50
Pétur Stefánsson ehf Vatnastíg 15
Pixel ehf Ármúla 1
Plast - miðar og tæki ehf
Krókhálsi 1
Poulsen ehf Skeifunni 2
Pósturinn Stórhöfða 29
Prentlausnir ehf Ármúla 15
Prentsmiðjan Leturprent ehf
Dugguvogi 12
Prikíð ehf Bankastræti 12
Proline ehf Vatnagördum 14
Prófilm, kvikmyndagerð
Skútuvogi 1g
Prófilstál ehf Smiðshöfða 15
Rafax ehf Prestastíg 8
Rafelding ehf Seljabraut 82
Rafgjafinn ehf Bildshöfða 16
Rafna ehf Suðurlandsbraut 16
Rafskoðun ehf faggilt skoðunar-
stofa Hólmaslóð 4
Rafstilling ehf Dugguvogi 23
Rafstjórn ehf Stangarhyl 1a
Rafsvið sf Viðarhöfða 6
Raftækjaþjónustan sf Lág múla 8
Rafver hf Skeifunni 3e
Rafviðgerðir ehf Reykási 24
Rafþjónustan slf Klapparbergi 17
Ratsjá ehf Laugavegi 26
Ráðgjafar ehf Garðastræti 36
Reykjavík Motor Center ehf
Kleppsvogi 152
Reykjavík4you ehf, íbúðarhótel
Bergstaðastræti 12
Reykjavíkurborg Rádhúsinu

Réttingaverkstæði Bjarna og
Gunnars ehf Bildshöfða 14
Samgöngustofa Borgartúni 30
Samsýn ehf Háaleitisbraut 58-60
Sandra María Steinarsdóttir -
Polanska slf Suðurlandsbraut 32
Satúrnus ehf Ármúla 18
Saumsprettan ehf Katrínartúni 2
Sálarrannsóknarfélag Reykjavík-
ur Síðumúla 31
Scanco ehf Sundaborg 5
Securitas hf Skeifunni 8
Senia ehf, heildverslun Skútuvogi 1e
Sérefni ehf, málningarvöruversl-
un Síðumúla 22
Shalimar, veitingahús Austurstræti 4
Sigmundur Hannesson hrl.
Katrínartúni 2 Höfðatorgi
Sjávargrillið ehf Skólavörðustíg 14
Skipaþjónusta Íslands ehf
Grandagarði 18
Skorri ehf Bildshöfða 12
Skottfélag Reykjavíkur Engjavegi 6
Skóarinn í Kringlunni ehf
Kringlunni 4-6
Skólavefurinn.is Laugavegi 163
Sleipnir, bifreiðastjórufélag
Mörkinni 6
SM kvótáþing ehf Skippholti 50d
Snaps ehf Þórgötu 1
Sónn ehf Faxafeni 12
Sportbarinn Álftheimum 74
Sport-Tæki ehf Stórhöfða 22
Stukur ehf-leiktæki og sjálfalar
Krókhálsi 5
Stál og stansar ehf Vagnhöfða 7

Purfum langtímamarkmið óháð ríkisstjórnnum

„Vandamál okkar á Íslandi er fyrst og fremst of litlir fjármunir og mögulega röng forgangsröðun. Á meðan við höfum ekki nægilegt fé til að meðhöndla sjúklingana, er erfitt að taka eitthvað af þeim peningum og setja í forvarnir,“ segir **Teitur Guðmundsson**, læknir og framkvæmdastjóri Heilsuverndar ehf., sem hefur um langt árabil beitt sér fyrir breyttum áherslum í heilbrigðismálum hvað varðar forvarnir og hollari lífsvenjur meðal landsmanna almennt.

Ofar í ánni

Teitur segir mörg ár síðan menn gerðu sér grein fyrir gildi forvarna í heilbrigðismálum.

„Bæði hér- og erlendis hafa menn séð kosti þessarar nálgunar, að vera „ofar í ánni“ og finna vandamálin helst áður en þau verða til, eða vera meðvitaðir um þau sem geta komið upp, eins og hjarta- og æðasjúkdómar, sykursýki, offita og lífsstílsjúkdómar en líka krabbamein líkt og í ristli, blöðruhálsi og brjóstum. Þetta eru í rauninni allir þessir stóru þungu sjúkdómaflokkar, og þar eru menn spenntir fyrir að finna leiðir til að reyna að átta sig á þeim áður en orðið er of seint að eiga við þá, þannig tel ég að við munum ná betri árangri.

Ef við horfum á gildi forvarna vegna einstakra sjúkdóma er upplagt að nefna ristilkrabbameinið. Þar hefur fyrir löngu komið í ljós að ef meinið greinist snemma við ristilspeglun, þar sem hægt er jafnvel að fjarlægja það á sama tíma með auðveldum hætti, er mögulegt að koma í veg fyrir alvarleg veikindi, kostnaðarsama aðgerð, lyfjameðferð, að ekki sé minnst á vinnutap. Þetta er ekki hægt að gera með neitt annað krabbamein á jafn elegant máta og því alveg óskiljanlegt að við séum ekki fyrir löngu byrjuð á því að skoða fólk reglulega og kerfisbundið við ristilkrabbameini á vegum ríkisins. Það er augljóst ef horft er til hagfræðinnar að það er mun hagkvæmara að eyða nokkrum tugum þúsunda í ristilspeglun og meðhöndla

vandamálið í leiðinni, heldur en að greinast síðar með því flækjustigi sem getur fylgt.

Við eyðum nú þegar miklu fjármagni og höfum sýnt fram á árangur þess að skima fyrir brjóstakrabbameini og leghálskrabbameini, og það er mjög jákvætt. Og við gerum líka heilmikið hvað varðar hjartasjúkdóma, með Hjartavernd og fleiri aðilum, svo hægt sé að finna sjúkdómana áður en þeir valda verulegum skaða hjá einstaklingnum. Fólk getur bæði hafa verið með einkenni um langt skeið, eða verið einkennalaust og veikt svo hastarlega. Það er töluverð umræða um slíkar forvarnir, jafnvel umræða um oflækningar en það hlýtur að vera ánægjuefni að finna og fyrirbyggja hin alvarlegu veikindi með skimun og skoðun áhættuþátta hjá viðkomandi sé þess kostur. Mín skoðun er að einstaklingsmiðað áhættumat verði niðurstaðan til framtíðar.

Það koma fjöldamörg önnur atriði inn í myndina. Það eru ekki bara líkamlegu sjúkdómarnir heldur líka andlegu sjúkdómarnir. Geðraskanir eru helsta orsök örorku hér á landi. Það þarf að vinna með sjálfsöryggi, líkamsímynd og sérstaklega að styrkja börn og unglinga markvisst í þessum þáttum. Það dregur verulega úr streitu og vanlíðan vegna þessara atriða síðar meir á lífsleiðinni. Ef við síðan skipuleggjum vinnu-umhverfi okkar þannig að það hafi ekki neikvæð áhrif á fjölskyldulífið og samskipti við vini og kunningja, þá erum við að koma í veg fyrir kulnun, streitu og önnur álagsvandamál.

Það eru rosalega margir samverkandi þættir sem koma saman, en alvarleg veikindi framkalla óöryggi og/eða langvarandi fjarveru, eins og gerist við mörg krabbamein, opnar hjartaaðgerðir eða þunga andlega sjúkdóma. Þetta eru allt saman mjög dýrir póstar, þess vegna hlýtur að vera hagkvæmt að fara þessar leiðir. Hins vegar er ekki þar með sagt að það sé eitthvað auðvelt.“



Teitur Guðmundsson: „Öflug fræðsla fyrir almenning skiptir gríðarmiklu máli. Við getum ekki þvingað venjulegan einstakling, sem er með sjálfstæðan vilja, til að gera eitthvað sem honum þóknast ekki.“

Ekki hægt að þvinga fólk

En hvernig er heilbrigðiskerfið að taka á þessum málum frá þínum bæjardryrum séð?

„Mér þykir alveg augljóst að heilbrigðiskerfið okkar gengur ekki upp og það mun ekki ganga upp nema með breytingum. Við þurfum auðvitað að fylgjast vel með tækninýjungum og þróun betri meðferðarúrræða, það verður alltaf þannig og við megum ekki hætta að stefna hátt hvað það varðar. En við þurfum að hugsa líka betur til lengri tíma lítið um hvaða skilyrði við búum okkur sem samfélag með tilliti til heilsu. Það er hægt að hugsa það á margvíslegan hátt. Öflug fræðsla fyrir almenning skiptir gríðarmiklu máli. Við getum ekki þvingað venjulegan einstakling, sem er með sjálfstæðan vilja, til að gera eitthvað sem honum þóknast ekki. Hann mun alltaf, hafi hann áhuga á því, fara og kaupa sér óhollan mat, reykja eða gera eitthvað annað sem er neikvætt í heilsufarslegu tilliti. Við munum aldrei ráða yfir honum, en getum kannski að einhverju marki haft jákvæð áhrif á hann með fræðslu.“

Nú er það þannig að við búum yfir heilmikilli þekkingu hér á landi og það er verið að miðla ágætri fræðslu víða í samfélaginu. Hins vegar vantar mikið upp á að þessi fræðsla sé gegnumgangandi og markviss, og opinberar fjárveitingar til fræðslu hafa til dæmis verið skornar niður á undanförunum árum.“

Frá vöggu til grafar

Teitur telur mikið skorta á að heilsufar þjóðarinnar sé metið og meðhöndlað heildrænt.

„Við þurfum skipulega nálgun að heilsu fólks á öllum aldurstigum, með samofna áherslu á bæði andlega og líkamlega heilsu einstaklingsins. Hann er ekki heilbrigður nema öll þessi atriði komi saman og það gildir frá fæðingu til dauðadags. Við stöndum okkur vel í mæðra- og ungbarnavernd, enda sjáum við að ungbarnadaði og mæðradaði er hér mjög lítill á alþjóðlegan mælikvarða. En þegar farið er úr ungbarnaverndinni yfir í leikskólann þá vantar dálítið upp á tenginguna. Það eru til ákveðnir heilsuleikskólar og ákveðin stefna en heildræn markmið varðandi eftirlit og fræðslu varðandi heilsu eru ekki nógu öflug og skýr í kerfinu. Í grunnskólanum starfa hjúkrunarfræðingar, og þar er einhver kynfræðsla, en það mætti gera þetta mun betur og kannski fyrst og fremst nýta tæknina sem er til staðar. Þegar svo kemur í menntaskólann dettur þetta að mestu leyti niður, kynfræðslan og önnur atriði sem tengjast samlífi ungra einstaklinga sem eru að stíga sín fyrstu skref á því sviði, þar mætti bæta eftirfylgni fagfólksins. Við getum sem sé unnið miklu betur í skólakerfinu, leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum en við gerum í dag. Það þarf líka að tengja foreldrana betur við það starf en gert er. Mentorkerfið mætti nota meira sem



Teitur og eiginkona hans, Lilja Pórey Guðmundsdóttir, á Piazza del Duomo í Milanó á Ítalíu.

miðlunartæki til foreldra, benda þeim á efni sem er skynsamlegt að fara yfir með börnum sínum á sviði heilsu og forvarna svo dæmi séu tekin.

Þegar framhaldskólunum sleppir og fólk er komið yfir tvítugt og er í námi eða á vinnu- markaði er aðhaldið lítið sem ekkert. Ríkið kemur eiginlega ekkert að þessu, nema með einhverri opinberri stýringu ofan frá um það hvernig eigi að haga lækniþjónustu og svo framvegis. Ýmis félög og stofnanir í kringum einstaka sjúkdóma eru svo að vinna eftir bestu getu að málefnum félaga sinna, en einhvern veginn virðast menn vera að vinna hver í sínu horni.

Svo erum við með fleti á þessu sem tengjast starfsendurhæfingarmálum, kulnun í starfi og vandræðum sem tengjast vinnuaðstöðu og því sem lendir síðan raunverulega á þjóðinni, fyrst fyrirtækjum, svo sjúkrasjóðum og svo þjóðinni í formi örorku. Við erum ekki að passa okkur nógu vel. Þarna koma inn í slysavarnir, vinnuvernd og heilsuvernd starfsmanna á vinnustað. Það eru fjölmörg fyrirtæki sem standa sig mjög vel í þessum efnun, en einnig mjög mörg fyrirtæki sem standa sig illa. Á endanum er þetta samt alltaf á ábyrgð einstaklingsins og þar þurfum við að vinna, fá einstaklinginn til að bera meiri ábyrgð á heilsu sinni.

Það eru samt ýmis jákvæð teikn á lofti um viðhorfsbreytingu í þessum efnun, að leggja meiri áherslu á að fyrirbyggja vandamálin en að ætla sér bara að bregðast við þeim þegar þau koma upp. Nú er að fara af stað ný nefnd varðandi lýðheilsu, en það er líka nýlega búið að fara í gegnum stefnumótun 20/20. Það var unnið að grunnheilsustefnu í tíð Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sem heilbrigðisráðherra fyrir hrúnið, en sú

vinna var ekki nægjanlega vel nýtt. Þannig að við höfum farið í marga hringi í þessum efnun.“

Hagsmunir og flokkapólitík

Er þá ekki pólitíkin að flækjast fyrir, þessi tilhneiging til að það þurfi alltaf að byrja upp á nýtt með hverri nýrri ríkisstjórn?

